

Unnið að gerð veggplatta.


listasprang

Eftir Arna Johnsen

„Fer út á yztu nöf í tækni leirvinnunnar"

Steinunn í Hulduhólum að undirbúa viðamikla leirmunasýningu í Kjarvalsstöðum um páskana

Leirkerasmíði á Íslandi hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum og er nú orðin einn stærsti þátturinn í íslenzkri listmunagerð. Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður í Hulduhólum í Mosfellssveit er nú að undirbúa opnun viðamikillar leirverkasýningar í Kjarvalsstöðum, en hún mun opna þar sýningu laugardaginn 29. marz, þ.e. daginn fyrir páskadag, og mun sýningin standa til 14. apríl.



Veggplatti úr leir.


Yfirleitt eru þeir munir fremur litlir, sem eru gerðir í leir, því tæknilega er mjög erfitt að hafa þá stóra. Á þeirri sýningu, sem Steinunn er að undirbúa er þó talsvert af stórum verkum úr leir, *því hún hefur teflt djarft í tilraunum sínum.* Það hefur því mikið farið í súginn, en hún hefur einnig haft árangur sem erfiði, því hún hefur náð mikilli tækni í gerð stórra muna. Við litum inn hjá henni eitt síðkvöldið fyrir skömmu til þess að fylgjast með starfi hennar og undirbúningi. Steinunn er með mörg járn í eldinum um þessar mundir í leirvinnu sinni, mótun, brennslu og skreytingu og verkin eru af ýmsu tagi: vasar, veggmyndir, pottar, skálar, bakkar, ljósaker, kertastjakar, veggplattar fyrir kerti og fleira og fleira. Hún vinnur nú af fullum krafti fyrir sýninguna og byrjað er að smíða sérstök borð til þess að láta munina standa á í Kjarvalsstöðum og það er Sverrir Haraldsson eiginmaður Steinunnar, sem teiknaði borðin.

Steinunn kvaðst mest hafa unnið að leirverkinu síðan hún flutti í Hulduhóla, en samt yrði hún með verk á sýningunni allar götur frá 1964 og jafnvel enn eldri, en hún hefur fengist við leirmunagerð í 17 ár. Megnið af þeirri 10 ára vinnu, sem Steinunn mun sýna í Kjarvalsstöðum er þó frá árinu 1969, en jafnhliða því að vera með námskeið í leirmunagerð fyrir almenning, hefur hún gert sjálfstæða hluti fyrir sjálfa sig. S.l. ár hafði hún þó engin námskeið eingöngu til þess að geta unnið sleitulaust að undirbúningi umræddrar sýningar. Þó hefur hún gert nokkuð af því að brenna hluti fyrir nemendur sína.

Nú er mjög sérstakur persónulegur stíll í verkum Steinunnar og hugmyndir hennar, sem hún spinnur verkin úr, eru fantasíur, sem þó eiga sér stoðir víða í náttúrunni, í landslagi, hafdjúpinu, gróðri og svo mörgu sem fyrir augu ber.

„Elztu hugmyndirnar, sem ég er að vinna núna," sagði hún, „eru allt að 17 ára gamlar, svo ég er búin að ganga með þær nokkuð lengi í kollinum og þær hafa líka verið að þróast á þeim tíma, en nú loks hef ég komizt í að vinna talsvert við að koma hugmyndunum í verk og það tekur líka tímann, því oft skemmast hlutir og þá þarf að vinna hugmyndina upp aftur. Ég hef ekki getað setið á mér í að fara oft út á yztu nöf tæknilega og því fer mikið í súginn. Ég hef mikið gert af tilraunum og reynt að komast eins langt og ég hef getað með efnið. Þetta hefur kostað margt ónýtt verk og mikla vinnu, en ég hef ekki séð eftir því, það hefur hins vegar gefið mér ýmislegt, sem ég hef verið að leitast við að ná fram."

Konumynd, sem Steinunn gerði í leir.



Unnið að mótun, fullmótaðir leirvasar nær.



Steinunn tekur einn af leirmunum sínum úr brennsluofninum.



Við einn af stærri vösunum.

